

**FORNLEIFARANNSÓKNIR Á DEILISKIPULAGSSVÆÐI Í
LEIRVOGSTUNGU, MOSFELLSBÆ.**

(Framvinduskýrsla II)



Oddgeir Hansson



**FS350-06352
Reykjavík 2007**

Forsíðumyndin: Vegghleðslur í vesturenda könnunarskurðar SK12

© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

EFNI.

Fornleifauppgröftur á deiliskipulagssvæði í Leirvogstungu, Mosfellsbæ.	1
Efni.....	3
Inngangur.....	4
Fornleifauppgröftur í Leirvogstungu. Fyrsti verkhluti: Könnunarskurðir. (SK12-17).7	
Lýsing á Skurðum.....	7
SK12.....	7
Verklýsing.....	7
Niðurstöður.....	8
SK13-17:.....	9
Verklýsing.....	9
Niðurstöður.....	10
Fornleifauppgröftur í Leirvogstungu. Annar verkhluti: Vélgröftur og hreynsun á svæði C.....	10
Verklýsing.....	10
Niðurstöður.....	11
Heimildir.....	13

INNGANGUR.


Fyrirhugað er að leggja um 50 hektara svæði á jörðinni Leirvogstungu í Mosfellsbæ undir byggð. Samkvæmt fyrirmælum Fornleifaverndar ríkisins, vann Fornleifastofnun Íslands, fornleifaskráningu á skipulagssvæðinu 10.-11. júní 2006 og leiddi hún í ljós að engar fornleifar voru sjáanlegar á yfirborði, en þó voru nokkrir staðir þar sem mögulegt var talið að fornleifar gætu leynst undir sverði.¹ Í ljósi niðurstaðna fornleifaskráningarinnar ákvað Fornleifaverndin að gera þyrfti könnunarskurði á völdum stöðum innan túnsins og vann Fornleifastofnun einnig það verk dagana 11-25 ágúst 2006. Alls voru grafnir 11 könnunarskurðir (SK1-11) og fundust byggingaleifar þremur þeirra, nánar tiltekið á tveimur stöðum í túninu (skráningarnúmer: GK-236:003 og GK-236:006; SK1-2) og á sjálfum bæjarhólnum (GK-236:001; SK3). Ákveðið var þegar í stað að láta fara fram fullnaðaruppgröft á tveim fyrst nefndu stöðunum og fór sú rannsókn fram dagana 3-13 október 2006. Er niðurstöðum úr þessum rannsóknum sem og könnunarskurðunum lýst í framvinduskýrslu **FS333-06351** frá 2006.²

Hvað varðar minjar þær sem fundust í SK3 var ekki talið að þær gæfu nægilega skýra mynd af umfangi mannvistarleifa á bæjahólnum og ákvað Fornleifaverndin að biða með frekari umsögn um hólinn, þar til búið væri að rífa niðurgrafið fjós sem á honum stóð. Var talið að grunnur fjóssins gæti gefið skýrari mynd af umfangi minja í bæjarhólnum. Samkvæmt áætlunum um mannvirkjagerð á og við bæjarhólinn er fyrirhugað auk húsbygginga að austan og vestanverðu, að leggja veg yfir hólinn frá norðri til suðurs og á hann að liggja nokkurn vegin í gegnum miðjan grunn fjóssins (sjá uppdrátt hér fyrir neðan). Þá átti jafnframt að leggja mikilvægar lagnir í vegstæðið, en vegna þeirra tafa sem hugsanlega gætu hlotist af fornleifarannsóknum var ákveðið að breyta legu þeirra og færa þær norður og vestur fyrir bæjarhólinn. Þann 12.03.2007 var svo ráðist í að rífa fjósið undir eftirliti fornleifafræðinga frá Fornleifastofnun Íslands. Markmiðið var að láta fjarlægja leifar fjóssins með öllu og leita síðan minja í sniðum og botni húsgrunnsins. Þegar á hólminn var komið reyndist ekki unnt að fjarlægja leifar fjóssins, en bleyta á svæðinu olli

¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir (2006). *Deiliskráning í Leirvogstungu í Mosfellsbæ* (FS321-06231)

² Oddgeir Hansson (2006). *Fornleifauppgröftur á deiliskipulagssvæði í Leirvogstungu, Mosfellsbæ.*(Framvinduskýrsla) (FS333-06351)

Því að ekki var hægt að koma vörubílum að grunninum. Áætlanir verktaka í Leirvogstungu knúðu á um að sem fyrst væri skorið úr um umfang minja norðan við fjósið sem var, og því var brugðið á það ráð að grafa skurð (SK12)



Mynd 1: Yfirlitskort yfir rannsóknarsvæðið. Útlínur könnunarskurðanna eru rauðar og útlínur þess hluta vegstæðisins sem liggur yfir bæjarhólinn, eru bleikar. Appelsínugulu línurnar sína núverandi veg og útlínur fjósgrunnsins eru grænar.

Í ruðninginn meðfram norðurbrún húsgrunnsins svo a.m.k væri hægt að skoða norðursniðið og botn hans að hluta. Í ljósi þeirra niðurstaðna sem úr skurðinum fengust ákvað Fornleifaverndin að óhætt væri að hefja vélgröft á áður nefndu vegarstæði (Svæði C) en þó undir eftirliti fornleifafræðinga og sáu starfsmenn Fornleifastofnunar einnig um það verk. Hin nýja lega áður nefndra lagna kallaði jafnframt á frekari gröft könnunarskurða (SK13-17) og var sá verkhluti unnin samhliða framkvæmdum á vegarstæðinu.

Þessar rannsóknir voru unnar á tímabilinu 13.03.07-04.04.07. Sá skýrsluhöfundur um verkstjórn á staðnum, en auk hans komu að þessum rannsóknum þau Uggi Ævarsson, Stefán Ólafsson, Lilja Björk Pálsdóttir, Astrid Daxböck, Vala Björg Garðarsdóttir, Óskar Gísli Sveinbjarnarson,

Guðrún Alda Gísladóttir og Hildur Gestsdóttir, sem jafnframt er verkefnisstjóri þeirra rannsókna sem farið hafa fram í Leirvogstungu til þessa.

Í eftirfarandi skýrslu verður greint frá helstu niðurstöðum þessara rannsókna. Er sá háttur hafður á í eftirfarandi umfjöllun að skipta rannsóknum í Leirvogstungu niður í tvo verkhluta: könnunarskurði vegna fornleifa (fyrsti verkhluti) og fornleifauppgröft (annar verkhluti). Samkvæmt þessu fá þeir könnunarskurðir sem búið er að grafa í Leirvogstungu og verða mögulega grafnir síðar, auðkennið SK1-..., en svæði sem grafnir hafa verið til fullnustu eða verða grafnir að hluta fá auðkennið Svæði A-... Er eins um þessa skýrslu og **FS333-06351**, að einungis er um framvinduskýrslu að ræða, en fullnaðarskýrsla verður sett saman þegar öllum rannsóknum á skipulagssvæðinu í Leirvogstungu verður lokið.

FORNLEIFARANNSÓKNIR Í LEIRVOGSTUNGU. FYRSTI VERKHLUTI: KÖNNUNARSKURÐIR. (SK12-17)

Lýsing á Skurðum

(Mesta lengd og breidd í metrum)

Skurður	Lengd	Breidd	Dýpt
SK12	25,0	3,0	2,0
SK13	11,4	1,5	2,2
SK14	11,4	1,0	1,7
SK15	16,9	1,2	2,1
SK16	20,0	1,0	0,9
SK17	15,4	1,1	1,4

SK12

Verklýsing

Eins og fram hefur komið var markmiðið upphaflega að hreinsa alveg upp grunn fjóssins og skrásetja allar minjar sem sæjust í botni hans, sem og sniðum. Vegna erfiðra aðstæðna reyndist ekki unnt að fjarlægja leifar fjóssins úr grunninum og því var brugðið á það ráð að grafa skurð



Mynd 2: Unnið að hreinsun á SK12 að loknum vélgræftri.
Horft til vestnorðvesturs.

meðfram norðurhlið hans og skrá þær mannvistarleifar sem sáust í norðursniðinu og í botni hans. SK12 varð því umtalsvert minni en upphaflega var lagt upp með, en þó gaf hann þó ágætis upplýsingar um umfang og legu mannvistarleifa norðan við grunninn.

Niðurstöður

Engin mannvistarlög voru sjáanleg í austustu 14 metrunum í botni skurðarins. Á þessum kafla var vestast komið niður á ljósbrúna óhreyfða mold en austar og undir henni, tók við fíngerð samþjöppuð mól (sjá einnig umfjöllun um SK-13-17) og náði hún allt til austurenda skurðarins. Þegar þessum óhreyfða austurhluta skurðarins sleppti tóku við greinileg mannvistarlög sem náðu alveg til vesturenda hans. Vestast var greinileg vegghleðsla úr grjóti með torfhlöðnu innra byrði,

sem lá frá vestsuðvestri-

austnorðausturs (sjá Mynd 3). Náði hún um 4 m inn í skurðinn frá vesturenda, en þar myndaði hún 90° horn á mótí öðrum vegg sem lá til suðausturs og hvarf sá veggur undir ruðning fjóssins eftir um 1 m. Austan



Mynd 3: SK12 að lokinni hreinsun. Vegghleðslurnar í vesturenda skurðarins eru í forgrunni fyrir miðri mynd

við vegginn tóku við blönduð lög af torfi og grjóti með flekkjum af mó- og viðarösku. Á einum stað var grafið niður úr þessum lögum og komið niður á það sem virtist vera torf með landnámsgjósku, en ekki fæst úr því skorið að svo stöddu hvort um er að ræða torfhrun eða vegghleðslu (sjá Mynd: 4). Þeim mannvistarlögum sem hér hefur verið lýst hefur verið raskað umtalsvert þegar fjósið var byggt þar sem þau eru skorin af djúpum skurði fylltum grjóti, sem liggur meðfram norður og vesturhlið húsgrunnsins sem líklega hefur þjónað því hlutverki að byggja undir steypa vegg þess.

Svipaða sögu er að segja af norðursniði SK12 Mannvistarlög voru hvað þykkust í vesturhluta skurðarins en fóru hækkandi og þynntust út eftir því sem austar dró. Þegar á heildina er litið þá virðast þau jarðlög sem sáust í skurðinum vera mikið rótuð. Næst undir grasrótinni var þykkt sandkennt malarlag, en þar fyrir neðan var syrpa af mikið blönduðum torflögum. Lítið var að sjá af viðarkolum eða viðar- og móöskulögum í sniðinu, utan bletta og linsa

hér og þar. Hvað varðar mannvirki, þá mátti á tveim stöðum sjá mögulegar slitur af torfveggjum fremur neðarlega, en auk þess sást grjótfylltur sökkull mjólkurhúss sem stóð norðan við fjósið á tveim stöðum efst í sniðinu. Þeir gripir sem fundust við hreinsun á skurðinum komu flestir úr malarlaginu næst undir grasrótinni. Var um að ræða glerbrot og leirkersbrot, járngripi af ýmsu tagi og brýni. Hvað varðar aldur þessara gripa þá virðast þeir sem hægt er að aldursgreina flestir vera frá 20. öld, utan nokkurra leirkersbrota sem mögulega rekja uppruna sinn allt aftur til fyrri hluta 19. aldar. Einungis tveir gripir, stór lykill og leðurpjatla, fundust í botni skurðarins og fundust báðir á milli steina í vegggleðslunni sem sagt var frá hér að framan. Ekki verður farið nærri um aldur þeirra að svo stöddu.

Eftir að hafa komið á staðinn og litið á aðstæður, komst fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins að þeirri niðurstöðu að óhætt væri að notast við skurðgröfu við það að fletta yfirborðslögum af áðurnefndu vegstæði (sjá Mynd 1), en stærstur hluti þess er á því svæði sem virðist vera hvað fátækast af mannvistarleifum samkvæmt því sem sást í sniði og botni skurðarins. Þó þyrfti að gera það undir eftirliti fornleifafræðings.

SK13-17:

Verklýsing

Upphaflega var það ætlun framkvæmdaaðila að leggja mikilvægar lagnir í vegstæðið sem liggja á um bæjarhólinn frá norðri til suðurs. Þegar í ljós kom að rannsóknir á þeim minjum sem sáust í SK-12 kynnu að hafa í för með sér



Mynd:4 Uggi Ævarsson að störfum í SK13. Horft til austurs

tafir á verkinu var ákveðið að breyta legu lagnanna og færa þær norður og vestur fyrir bæjarhólinn þar sem áætlanir verktaka kröfðust þess að lagningu þeirra yrði lokið sem fyrst. Þó var kveðið að grafa nokkra könnunarskurði (SK13-17) á hinu nýja lagnastæði næst bæjarhólum til þess að taka af allan vafa af um að það væri utan þess svæðis þar sem mest hættu var á að minjar gætu leynst í jörðu. (sjá mynd 2).

Niðurstöður

Enginn mannvistarlög sáust í SK13-17. Voru skurðirnir allir grafnir niður á náttúrulega, fíngerða og samþjappaða mól sem einnig sást í botni SK12 og voru dýpstu skurðirnir um og yfir 2 m á dýpt. Ekki var talin ástæða til að gera frekari fornleifakannanir á hinu fyrirhugaða lagnastæði.

FORNLEIFARANNSÓKNIR Í LEIRVOGSTUNGU. ANNAR VERKHLUTI: VÉLGRÖFTUR OG HREINSUN Á SVÆÐI C

Verklýsing.

Eftir að hafa litið á aðstæður í SK12 komst fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins að þeirri niðurstöðu að óhætt væri að notast við skurðgröfu við að fletta yfirborðslögum af þeim hluta vegstæðisins sem liggur yfir bæjarhólinn. Áður en



Mynd 5: Unnið að vélgræftri á Svæði C. SK12 er vinstra megin á myndinni Horft til vestsuðvesturs

hafist var handa við vélgröft var verktaki staðarins (ÍSTAK) fenginn til að leggja út veglínuna til þess að afmarka uppgraftarsvæðið. Þegar vélgræftri var nánast lokið kom þó á daginn að merkingar fyrir veglínuna voru ekki alveg

nógu skýrar svo svæðið sem opnað var reyndist um 100 m² stærra en þörf var á. Er líklegt að um 0,5 m að meðaltali af jarðvegi hafi verið fjarlægð ofan af svæðinu, sem er um 350 m². Að loknum vélgræftri var svæðið hreinsað upp og það kannað með tilliti til mannvistarleifa.

Niðurstöður

Þegar yfirborðslög höfðu verið fjarlægð af uppgraftarsvæðinu var komið niður á talsvert mikil og blönduð lög af litríku torfi blönduðu með blettum af viðar og móösku hér og þar. Mannvirki voru ekki greinileg í fyrstu, en eftir að svæðið hafði verið hreinsað upp fóru að koma í ljós mögulegar hleðslur úr torfi og grjóti vestan til á svæðinu. Auk þess kom í ljós mjög skýr grjóthlaðinn veggur norðvestan til á svæðinu sem í fljótu bragði virðist mögulega tengjast þeim mannvirkjum sem sáust í SK3.³ Vatnslögn liggur gegnum mitt



Mynd 7: Horft í austuðaustur yfir norðvesturhluta uppgraftarsvæðisins. Grjóthlaðinn veggur er rétt vinstra megin við miðja mynd.



Mynd 6: Horft vestur eftir lagnaskurði sem liggur þvert í gegnum Svæði C

³ Oddgeir Hansson (2006). *Fornleifauppgröftur á deiliskipulagssvæði í Leirvogstungu, Mosfellsbæ.* (Framvinduskýrsla) (FS333-06351)

svæðið frá austri til vesturs og fékkst ágætis snið í gegnum svæðið úr skurðinum sem hún liggur í. Virðist sem svipaða sögu sé að segja af legu mannvistarlaga og sást í SK12, að mannvistarlög virðast vera hvað þynnst austast á svæðinu (mest um 0,5 m), en þykkna eftir því sem vestar dregur. Fáir gripir fundust við hreinsun svæðisins og voru þeir af svipuðu tagi og komu úr SK12.

Fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem kom á staðinn til að líta á aðstæður og komst að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að gera fullnaðaruppgröft á þeim mannvistarleifum sem koma til með að lenda í hinu fyrirhugaða vegstæði.

HEIMILDIR

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (2006). *Deiliskráning í Leirvogstungu í Mosfellsbæ.* (FS321-06231)

Oddgeir Hansson (2006). *Fornleifauppgröftur á deiliskipulagssvæði í Leirvogstungu, Mosfellsbæ.* (Framvinduskýrsla) (FS333-06351)

